

Við útreikning á úthlutun skv. 1. gr. skal miða við aflahlutdeildarstöðu báta eins og hún var 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðiársins 1998/1999 og verðmætastuðla á því fiskveiðiári, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 448/1998, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1998/1999.

## 3. gr.

Við úthlutun skv. 1. gr. skal þorskaflamark einstakra báta ekki aukast um meira en 100%, miðað við úthlutað aflamark í upphafi fiskveiðiárs 2002/2003 og enginn bátur hljóta hærri úthlutun en 10 lestir miðað við óslægðan fisk. Úthlutun þessi skal aldrei leiða til þess að heildaraflaheimildir einstakra skipa í upphafi fiskveiðiársins 2002/2003, verði meiri en 450 þorskígildislestir samtals.

## 4. gr.

Verði breytingar á skipakosti útgerðar er henni heimilt að flytja rétt til úthlutunar yfir á annan bát í hennar eigu.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og komi til framkvæmda 1. september 2002.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. ágúst 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

**um úthlutun aflaheimilda á fiskveiðiárinu 2002/2003, skv. lokamálsgrein 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.**

## 1. gr.

Fiskistofa skal á fiskveiðiárinu 2002/2003 úthluta 1.000 lestum af ýsu, 1.000 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa, miðað við óslægðan afla, til krókaafلامarksbáta samkvæmt reikniforsendum reglugerðar nr. 283, 9. apríl 2002, um úthlutun afaheimilda á fiskveiðiárinu 2001/2002, skv. lokamálsgrein 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

## 2. gr.

Aðeins skal úthluta þeim bátum sem uppfylltu skilyrði reglugerðar nr. 283, 9. apríl 2002, til úthlutunar, enda séu þeir enn skráðir frá sömu sjávarbyggð við útgáfu reglugerðar þessarar. Hafi eigandi báts, sem úthlutun hlaut á fiskveiðiárinu 2001/2002, skv. reglugerð nr. 283/2002, selt þann bát sinn er heimilt að úthluta öðrum báti í hans eigu, sem skráður er í sömu sjávarbyggð, þeim aflaheimildum, sem hinn seldi bátur hefði annars fengið, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar milli bátanna.

Engum báti skal úthlutað meiri aflaheimildum samkvæmt reglugerð þessari en sem nemur því magni, sem viðkomandi bátur hefur landað í hlutaðeigandi sjávarbyggð á tímabilinu 1. ágúst 2001 til 31. júlí 2002.

## 3. gr.

Miða skal við þorskígildi samkvæmt stuðlum reglugerðar nr. 631/2001 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002. Um afla skal leggja til grundvallar upplýsingar úr aflaupplýsingakerfinu Lóðs.

## 4. gr.

Reglugerð þessi er gefin út á grundvelli lokamálsgreinar 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og komi til framkvæmda 1. september 2002.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. ágúst 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

**REGLUGERÐ**

**um sérstaka úthlutun skv. 1. ml. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, til skel- og rækjubáta.**

## 1. gr.

Vegna skerðinga, sem urðu á leyfilegum heildarafla í rækju á innfjarðasvæðum, þ.m.t. Eldeyjarsvæði, á fiskveiðiárinu 2001/2002, skal á fiskveiðiárinu 2002/2003 úthluta aflamarki sem nemur samtals 2.018 þorskígildistonnunum til báta, sem hafa hlutdeild í innfjarðarækju.

Við útreikning uppbóta skal miðað við, að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalafli rækjuvertíðanna 1995/1996 - 2000/2001. Ekki skal koma til uppbóta samkvæmt reglugerð þessari hafi meðaltalsafلامark báta í innfjarðarækju á einstökum svæðum verið 52,5 lestir eða hærra á fiskveiðiárinu 2001/2002.

Uppbætur samkvæmt 1. ml. 1. mgr. skulu þó skerðast hlutfallslega miðað við lækkun á leyfilegum þorskafli milli fiskveiðiárána 2001/2002 og 2002/2003.

## 2. gr.

Vegna skerðinga sem orðið hafa í hörpudisksveiðum í Ísafjarðardjúpi og Húnaflóa skal á fiskveiðiárinu 2002/2003 úthluta bátum, sem aflahlutdeild hafa í hörpudiski á þessum svæðum, uppbótum í aflamarki, sem samtals nemur 174 þorskígildistonnunum. Skulu 99 þorskígildistonn koma í hlut báta með hlutdeild í hörpudiski í Húnaflóa og 75 þorskígildistonn í hlut báta með hlutdeild í hörpudiski í Ísafjarðardjúpi.

## 3. gr.

Vegna fyrirsjánlegra skerðinga sem verða í skelveiðum á Breiðafirði á fiskveiðiárinu 2002/2003 skal á því fiskveiðiári úthluta til þeirra báta sem hlutdeild hafa í skel í Breiðafirði samtals 400 þorskígildistonnunum.

## 4. gr.

Úthluta skal uppbótum til einstakra báta á grundvelli þeirrar aflahlutdeildar, sem þeir hafa í rækju og skel á viðkomandi svæði og miðast við aflahlutdeild eins og hún er 1.